

5 Einnig geta skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, áfrýjað úrskurði  
10. jan. ríkisskattanevndar til dómstóla, enda hafi úrskurði verið áfrýjað í síðasta lagi 15.  
ágúst 1951.

## 2. gr.

Í stað tímaákvörðunarinnar „30. júní 1951“ í 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar  
komi: 15. júlí 1951.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 22 1950 og breytingum á  
þeim lögum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 10. janúar 1951.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Magnús Gíslason.*

## 6

12. jan.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 162/1949, um Þjóðleikhús.

## 1. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri leikhúss-  
ins. Leita skal samþykkis þjóðleikhúsráðs um allar meiri háttar ákvarðanir, er  
stofnunina varða, svo sem fjárhagsáætlun leikhússins ár hvert, fjölda fastráðinna  
leikara og annarra starfsmanna og ráðningarkjör þeirra, verð á aðgöngumiðum,  
meiri háttar breytingar á rekstri leikhússins og enn fremur bera undir það þau  
málefni, er formaður ráðsins eða þjóðleikhússtjóri æskja að það fjalli um.

## 2. gr.

5. gr. hljóði svo:

Menntamálaráðherra ræður skrifstofustjóra Þjóðleikhúss að fengnum tillögum  
þjóðleikhúsráðs og þjóðleikhússtjóra. Skrifstofustjóri hefur á hendi reikningshald  
stofnunarinnar, fjárreiður og önnur störf, er varða daglegan rekstur, undir stjórn  
þjóðleikhússtjóra. Skrifstofustjóri getur gert tillögur um allt, sem lýtur að bættri  
fjárhagsafkomu stofnunarinnar. Hann ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart þjóð-  
leikhússtjóra og þjóðleikhúsráði.

Reglugerð þess, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 86/1947, um  
Þjóðleikhús, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 12. janúar 1951.*

**Björn Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*